

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Jón Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Guðmundur Steingrímsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Róbert Marshall, Björn Valur Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Kristján L. Möller.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga þessara falla úr gildi að liðnum fimm árum frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 139. þingi (393. mál). Að lokinni 1. umræðu var málinu vísað til efnahags- og skattanefndar, kallað eftir umsögnum og málið rætt í nefndinni en var ekki afgreitt þaðan. Einnig var málið flutt á 140. þingi (32. mál).

Húshitunarkostnaður á landsbyggðinni hefur víða verið mjög sligandi fyrir afkomu heimila. Þrátt fyrir að allnokkru fé sé með niðurgreiðslum varið til þess að lækka kostnaðinn er hann mjög íþyngjandi. Því miður hefur þróunin orðið mjög til verri vegar á síðustu árum. Niðurgreiðslurnar sem hafa farið í það að lækka húshitunarkostnaðinn á svokölluðum „köldum svæðum“ hafa alls ekki haldið í við þróun orkukostnaðar og þess vegna hefur hann lagst með vaxandi þunga á heimilin í landinu. Þá hafa raunlaun almennt lækkað í landinu og því má ljóst vera að húshitunin tekur æ stærra toll af ráðstöfunarfé almennings sem býr á hinum „köldu svæðum“.

Sem betur fer tókst bærilega til á fyrstu árum þessarar aldar. Frá árinu 2000 til 2002/2003 lækkaði kyndingarkostnaðurinn að raungildi um fimmting, eða því sem næst, en síðan hefur þróunin verið á verri veg. Sérstaklega á þetta við á svæðum þar sem búa 200 manns eða færri. Þar hefur húshitunarkostnaður hækkað mjög verulega.

Þróun þessi birtist mjög skýrt í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessa frumvarps frá 139. þingi sem birt er sem fylgiskjal. Vekja má athygli á eftirfarandi upplýsingum. Kostnaður við að hita 180 fermetra húsnæði í dreifbýli á svæði RARIK var í október 2010 talinn vera um 238 þús. kr. Kostnaðurinn var 166 þús. kr. árið 2000 og fór lægst niður í 138 þús. kr. árið 2002 reiknað til verðlagsins þegar fyrirspurninni var svarað. Hækkunin frá árinu 2000 var því um 43%, en hvorki meira né minna en 72% væri árið 2002 tekið til viðmiðunar. Ekki er fyrir séð að þessari þróun verði snúið við, heldur þvert á móti.

Athyglisvert er að skoða til samanburðar þróun húshitunarkostnaðar á svæði Orkuveitu Reykjavíkur. Þar var talið að í október 2010 kostaði um 93 þús. kr. á ári að kynda sambærilegt húsnæði, eftir hækkun fyrirtækisins sem mjög var umtöluð. Árið 2000 var kostnaðurinn 100 þús. kr. og var lægstur 2009, eða um 72 þús. kr. á verðlagi ársins 2010.

Í tillögu til byggðaáætlunar sem lá fyrir Alþingi þegar frumvarp þetta var fyrst flutt á 139. löggjafarþingi var kveðið afdráttarlaust upp úr um að hitaveituvæðing á Íslandi hefði nánast náð hámarki hvað hagkvæmni varðar. Þess er því bersýnilega ekki að vænta að jarðhitaleit verði haldið áfram að einhverju marki. Vonir um lækkun húshitunarkostnaðar með nýjum hitaveitum eru því augljóslega litlar að mati stjórnvalda. Þess í stað er bent á aðrar lausnir til umhverfisvænnar orkuöflunar sem mætti styrkja með svipuðum hætti og hitaveitur hafa verið styrktar fram að þessu. Í því sambandi er meðal annars vísað á notkun á varmadælum.

Um varmadælur hefur talsvert verið fjallað og athuganir gerðar á fýsileika á notkun þeirra. Orkusetrið á Akureyri birtir til að mynda talsverðan fróðleik um þær á heimasíðu sinni (www.orkusetur.is/varmadaelur). Þar er þessum möguleika meðal annars lýst svo: „Varmadælur hafa notið síaukinna vinsælda á norðlægum slóðum þar sem þörf er á upphitun húsa stóran hluta ársins. Í Svíþjóð eru t.d. 95% allra nýbygginga útbúnar varmadælum. Ísland hefur ákveðna sérstöðu þegar kemur að húshitun þar sem langstærsti hluti bygginga er hitaður með ódýrum jarðvarma. Um 8% notenda kynda þó hús sín með rafhitun þar sem varmadælur kæmu í sumum tilfellum til greina sem vænlegur kostur til að draga úr orkunotkun. Varmadæla samanstendur venjulega af dælubúnaði og leiðslum sem mynda lokað gas/vökva-kerfi. Í gas/vökva-kerfinu er ákveðið efni eða svokallaður vinnslumiðill sem breytir um fasa á leið sinni um kerfið. Við þessar fasabreytingar myndast varmaorka sem nýta má til húshitunar. Varmadæla skilar frá sér varmaorku til upphitunar en þarf til þess raforku til að knýja dælukerfið en sú raforka er þó mun minni en þyrfti við hefðbundna rafhitun. Orkuhagkvæmni varmadælu ræðst því af hlutfalli þeirrar orku sem fæst frá henni og orkunnar sem þarf til að knýja hana.“

Án þess að dómur sé lagður á það að öðru leyti er það svo að stofnkostnaður við varmadælu-kyndingu er talsverður, meðal annars vegna þess að þær bera margvísleg gjöld, svo sem tolla og 25,5% virðisaukaskatt. Með breytingum á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar var opnað fyrir það að ríkið gæti tekið þátt í stofnkostnaði við umhverfisvæna orkuöflun sem dregur úr rafhitun eða olíukyndingu. Þetta er sannarlega í rétta átt en þó er ljóst að betur má ef duga skal.

Stofnkostnaður er talsverður og því mun taka nokkur ár að greiða hann niður með mögulegum ávinningi í lægri húshitunarkostnaði. Hætt er við að fáir sjái sér hag í því að fjárfesta í svona búnaði. Þess vegna er eðlilegt að ríkið afnemi tolla og endurgreiði virðisaukaskatt af varmadælum, að minnsta kosti tímabundið, til þess að stuðla að lækkun húshitunarkostnaðar með þessum hætti og er það lagt til í þessu frumvarpi.

Þrátt fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á varmadælu er ljóst að húshitunarkostnaður á ýmsum landsvæðum verður hærri en viðunandi getur talist um ókomin ár. Áfram verður því að halda með niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði þar sem hann er lægstur jafnframt því að leita annarra leiða til þess að draga úr þessum mikla og sára kostnaði sem víða birtist okkur á þessu sviði á landsbyggðinni.

Fylgiskjal.

**Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn
Einars K. Guðfinnssonar um húshitunarkostnað.
(Þingskjal 234 í 27. máli á 139. löggjafarþingi.)**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið árlegur og endanlegur húshitunarkostnaður heimila á einstökum orkuveitusvæðum frá árinu 2000 á núgildandi verðlagi?*
2. *Hver er framangreindur kostnaður núna eftir verðlagsbreytingar sem urðu 1. október sl.?*

Svar óskast sundurliðað þannig að kostnaðurinn sé reiknaður út fyrir: a. íbúð í fjölbýli 100 fm, b. raðhús 140 fm, c. einbýlishús 180 fm, d. einbýlishús 250 fm.

Þar sem hér á landi er að finna margar litlar hitaveitur sem þjóna fáum íbúum og þar með mjög mörg orkuveitusvæði, var að höfðu samráði við fyrirspyrjanda ákveðið að í svarinu yrði verið á húshitun einskorðað við færri svæði. Verðsamanburður nær yfir fjögur svæði þar sem raforka er notuð til húshitunar, þ.e. hjá Rarik í þéttbýli og dreifbýli og hjá Orkubúi Vestfjarða í þéttbýli og dreifbýli. Þá er skoðuð verðþróun hjá fjórum hitaveitum og þremur kyntum hitaveitum. Með því að skoða þessa þrjá flokka er talið að hægt sé að setja fram gott yfirlit yfir kostnað við húshitun hér á landi á umræddu tímabili.

Ráðuneytið fékk aðstoð Orkustofnunar við að svara fyrirspurninni. Í útreikningum stofnunarinnar er horft til heildarverðs til neytenda með öllum sköttum og gert ráð fyrir niðurgreiðslum þar sem það á við. Hafa þarf í huga að á þessu tímabili hefur heildarfjöldi kWst. sem er niðurgreiddur ekki alltaf verið sá sami. Árið 2002 var hámark niðurgreiddra kWst. hækkað úr 30.000 kWst. á ári í 50.000 kWst. Árið 2005 var hámarkið aftur lækkað og þá í 35.000 kWst. Hámarkið var aftur hækkað árið 2006 og þá í 40.000 kWst og hefur haldist óbreytt síðan.

Í tölunum er gert ráð fyrir sömu orkuþörf þrátt fyrir að mismikla orku þurfi til að viðhalda sama innihitastigi, eftir því hvar á landinu húsið er. Þá er gert ráð fyrir að ofnakerfi á svæðum þar sem framrásarhiti heits vatns er lágur, sé stærra en ella og er því gert ráð fyrir að hiti sé nýttur niður í 35°C. Þá er kyndikostnaður oft afar mismunandi eftir aldri og einangrun húsa. Getur t.d. nýtt gler og gluggaumbúnaður skipt sköpum í kyndingarkostnaði landsmanna.

1. Húsnæði: 100 m².

Staður	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
	RARIK	RARIK	OV	OV	Reykjavík	Akureyri	Egils- staðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðis- fjörður /Höfn	Vest- manna- eyjar
	Péttbýli	Dreifibýli	Péttbýli	Dreifibýli							
Húsnæði	Fjölbyli	Fjölbyli	Fjölbyli	Fjölbyli	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²
Stærð	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²	100m ²
kWst/ári	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619
2000	108.367	108.367	93.220	93.220	67.613	119.269	86.053	68.208	101.182	100.101	83.879
2001	110.356	110.356	98.742	98.742	65.681	111.800	84.872	66.372	101.666	97.196	78.781
2002	97.044	97.044	97.239	97.239	64.955	100.361	82.842	65.592	100.459	97.987	77.945
2003	99.955	99.955	95.434	95.434	64.718	98.286	81.538	65.996	98.798	99.226	76.334
2004	101.417	101.417	96.924	96.924	69.484	98.196	80.190	66.134	99.917	97.569	89.139
2005	112.162	123.024	99.053	103.168	67.045	98.368	77.069	65.930	98.874	93.040	87.355
2006	107.542	114.740	98.176	104.474	62.405	88.324	72.190	64.721	102.510	94.336	82.773
2007	106.577	119.087	104.364	110.608	55.770	84.283	67.358	57.842	104.059	100.208	80.510
2008	108.531	123.350	102.481	111.435	50.811	81.717	59.670	53.166	102.380	103.893	75.606
2009	112.576	132.205	109.716	121.109	48.595	72.967	56.939	51.371	108.102	115.964	70.960
okt.10	125.253	148.693	123.810	144.401	63.126	71.292	56.547	52.886	116.262	130.342	79.547

2. Húsnæði: 140 m².

Staður	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
	RARIK	RARIK	OV	OV	Reykjavík	Akureyri	Egils- staðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðis- fjörður /Höfn	Vest- manna- eyjar
	Péttbýli	Dreifibýli	Péttbýli	Dreifibýli							
Húsnæði	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²
Stærð	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²	140m ²
kWst/ári	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400
2000	132.745	132.745	113.469	113.469	84.558	151.551	109.893	85.700	123.871	123.089	105.088
2001	135.526	135.526	120.732	120.732	82.140	142.061	107.592	83.393	124.545	119.447	98.474
2002	118.174	118.174	118.889	118.889	81.232	126.993	105.018	82.413	123.055	120.576	97.431
2003	121.949	121.949	116.472	116.472	80.935	124.367	103.259	82.921	120.833	122.166	95.416
2004	123.938	123.938	118.496	118.496	86.896	123.465	101.243	83.094	122.375	120.080	111.853
2005	144.331	157.848	127.613	131.728	83.847	122.653	97.303	82.839	121.208	114.346	109.192
2006	138.361	147.200	126.462	133.283	78.044	109.635	91.142	81.319	126.173	116.204	103.449
2007	137.132	152.869	134.531	141.363	69.746	104.062	84.830	72.675	128.368	123.869	100.600
2008	139.961	158.818	132.175	142.621	63.545	100.101	75.109	66.800	126.618	128.933	94.472
2009	147.886	173.672	143.740	158.496	60.773	89.382	71.561	64.545	134.170	144.492	88.666
okt.10	164.539	195.332	162.644	189.694	78.945	87.426	71.018	66.448	144.492	162.776	99.201

3. Húsnæði: 180 m².

Staður	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
	RARIK	RARIK	OV	OV	Reykjavík	Akureyri	Egils- staðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðis- fjörður /Höfn	Vest- manna- eyjar
	Péttbýli Einbýli	Dreifbýli Einbýli	Péttbýli Einbýli	Dreifbýli Einbýli							
Húsnæði	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²
Stærð	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²	180m ²
kWst/ári	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632
2000	165.216	165.216	142.616	142.616	100.131	181.219	131.804	101.776	144.724	144.216	124.580
2001	158.658	158.658	140.942	140.942	97.267	169.872	128.473	99.037	145.571	139.896	116.574
2002	137.594	137.594	138.785	138.785	96.191	151.468	125.399	97.873	143.822	141.336	115.338
2003	142.163	142.163	135.807	135.807	95.840	148.336	123.221	98.476	141.084	143.249	112.953
2004	144.635	144.635	138.322	138.322	102.898	146.688	120.592	98.682	143.015	140.768	132.728
2005	173.896	174.832	153.860	157.975	99.288	144.973	115.899	98.378	141.734	133.927	129.262
2006	166.685	170.785	152.458	159.759	92.417	129.221	108.560	96.573	147.920	136.300	122.451
2007	165.213	183.916	162.255	169.629	82.591	122.240	100.887	86.307	150.708	145.613	119.063
2008	168.847	191.415	159.465	171.282	75.247	116.997	89.298	79.330	148.893	151.946	111.811
2009	180.338	211.782	175.010	192.856	71.965	104.469	84.998	76.653	158.127	170.711	104.940
okt.10	200.645	238.196	198.334	231.320	93.483	102.255	84.317	78.913	170.436	192.585	117.263

4. Húsnæði: 250 m².

Staður	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
	RARIK	RARIK	OV	OV	Reykjavík	Akureyri	Egils- staðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðis- fjörður /Höfn	Vest- manna- eyjar
	Péttbýli Einbýli	Dreifbýli Einbýli	Péttbýli Einbýli	Dreifbýli Einbýli							
Húsnæði	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²
Stærð	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²	250m ²
kWst/ári	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922
2000	218.805	218.805	191.493	191.493	123.345	225.446	164.465	125.740	175.809	175.710	153.637
2001	193.140	193.140	171.069	171.069	119.817	211.329	159.599	122.356	176.914	170.380	143.554
2002	166.542	166.542	168.445	168.445	118.490	187.953	155.781	120.918	174.780	172.283	142.033
2003	172.296	172.296	164.629	164.629	118.058	184.067	152.978	121.664	171.271	174.678	139.096
2004	175.488	175.488	167.875	167.875	126.752	181.307	149.435	121.918	188.212	184.349	163.846
2005	255.964	265.205	228.049	244.876	122.306	178.244	143.619	121.543	205.615	176.036	172.570
2006	224.571	232.650	205.665	218.922	113.842	158.418	134.526	119.312	193.625	178.360	163.321
2007	221.673	247.374	217.056	230.121	101.738	149.337	124.823	106.629	196.429	189.251	158.248
2008	224.836	255.219	212.079	230.264	92.692	142.183	110.450	98.008	193.104	195.969	147.947
2009	240.234	282.147	232.255	258.562	88.648	126.958	105.030	94.701	203.665	218.473	138.386
okt.10	265.904	315.460	262.127	307.625	115.156	124.359	104.142	97.494	218.565	245.370	153.028